

1. maí 1838, 48. gr.<sup>1</sup>, að greiða aðkaupsgjald af skipinu, sem er keypt í útlöndum, og af því að nokkrir gallar eru á þeirri skrásetningu skipsins, sem hefir átt sér stað, hefir þótt nauðsynlegt að fresta því, að rita skipið á aðalskipaskrána, og veita endilegt skrásetningarskrirteini.

1871.

4. marz.

**18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda til ýmsra embættismanna.<sup>2</sup>**

4. marz.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 17. janúar þ. á. mælumst vör til, að þér, herra stiptamtmaður, tilkynnið landfógetanum, landlækninum og sýslumönnum í suðurumdæminu, að þeim mun verða sent hverjum um sig eitt exemplar af (hinum dönsku) Lagatíðindum og Stjórnartíðindum, sem skal vera eign embættanna og fylgja þeim; sendum vör yður nú 8 exempl. af því, sem til þessa er út komið, til úthýtingar meðal tæðra embættismanna, og skal því við bætt, að áframhaldið mun verða sent þeim beinlínis með póstinum.

**19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.**

4. marz.

Með þessu bréfi sendum vör yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Auglýsingu dómsmálastjórnarinnar, dagsettri í dag, sem inni hefir að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fjárhagsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, sem staðfest er

<sup>1</sup>) Lovsamling for Island, XI., 212.

<sup>2</sup>) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað á sömu leið, að því leyti, er snerti sýslumennina í þeirra umdæmum.